

Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation 2005

Summary in Icelandic

Stefnur OECD í landbúnaðarmálum: Vöktun og mat 2005

Útdráttur á íslensku

YFIRLIT FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Þegar á heildina er litið hafa litlar breytingar orðið á stuðningi við framleiðendur í OECD síðan seint á tíunda áratug síðustu aldar. Hann hefur minnkað úr 37% af búvörureikningum árin 1986-88 í 30% árin 2002-04, en þessu stigi var fyrst náð fyrir sjö árum, árin 1995-97. Árlegar sveiflur stuðningsins endurspeglar aðallega stefnuáðgerðir sem takmarka flutning verðþróunar í alþjóðlegum viðskiptum yfir á innanlandsmarkað. Endurbætur á stefnu hafa beinst að því að breyta á hvern hátt framleiðendum er veittur stuðningur, með eftirtektarverðri tilfærslu burt frá framleiðslutengdum ráðstöfunum. Þó að þessi tilfærsla geti vel haldið áfram á næstu árum, eru framleiðslutengdar ráðstafanir enn yfirgnæfandi í stuðningi við framleiðendur í flestum ríkjum. Þær hvetja til framleiðslu, aflaga viðskipti og stuðla að því að lækka heimsverð á landbúnaðarvörum. Til viðbótar hafa sumir framleiðslugeirar haldist tiltölulega ósnortnir gagnvart endurbótum fram að þessu og það er mikil þörf á að takast á við þennan annmarka. Þrátt fyrir að hreyfing sé í átt frá framleiðslutengdum stuðningi er aðeins íburðarlítill hreyfing í átt að stefnu sem beinist að því að skilgreina markmið og styrkþega. Þörf er á frekari viðleitni til að tryggja að stefnan sé gegnsærri, sé sérsniðin að tiltekinni niðurstöðu og sveigjanleg til að bregðast við breyttri forgangsröðun.

Landbúnaður í OECD ríkjum heldur áfram að einkennast af miklum stuðningi og miklum mun milli ríkja.

Árið 2004 var verðmæti stuðnings við framleiðendur í OECD í heild áætlað um 279 milljarðar bandaríkjadollara eða 226 milljarðar evra. Mældur sem hlutfall af stuðningi við bændur (Producer Subsidy Equivalent) nam stuðningur við framleiðendur 30% af búvörureikningum, sem er sama hlutfall og árið 2003. Að meðtöldum stuðningi við almenna þjónustu til landbúnaðar, svo sem rannsóknir, uppbyggingu, eftirlit og markaðssetningu og kynningu, var heildarstuðningur við landbúnaðargeirann jafngildur 1,2% af vergri landsframleiðslu í OECD ríkjunum.

Innan OECD var stuðningur við framleiðendur í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi innan við 5% af búvörureikningum árin 2002-04. Hann var að meðaltali um 20% í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó, og 25% í Tyrklandi. 34% stuðningur í Evrópusambandinu (ESB)¹ var yfir 30% meðaltali OECD. Stuðningur við framleiðendur í Japan og Kóreu var að meðaltali um 60% og um 70% á Íslandi, Noregi og Sviss.

Síðan 1986-88 hefur stuðningur við framleiðendur minnkað í flestum ríkjum, haldist stöðugur í Noregi, en aukist í Tyrklandi. Minnkun stuðnings við framleiðendur hefur orðið mest í Kanada, en önnur eftirtektarverð minnkun hefur orðið í Mexíkó (síðan 1991-93) og á Nýja-Sjálandi. Meðal þeirra ríkja þar sem mestur stuðningur er hefur mesta lækkunin orðið í Sviss. Heildarstuðningur við landbúnað í OECD ríkjunum hefur minnkað úr 2,3% í 1,2% af vergri landsframleiðslu milli árána 1986-88 og 2002-04. Það er svipuð tilhneiging í öllum OECD ríkjunum nema Tyrklandi þar sem hlutur heildarstuðnings við landbúnað í vergri landsframleiðslu jókst, og endurspeglar, meðal annarra hluta, grundvöll og vöxt vergrar landsframleiðslu.

Meira hefur verið unnið að því að breyta á hvern hátt framleiðendum er veittur stuðningur, en litlar umbætur hafa orðið í sumum geirum.

Hlutur þeirra stuðningsforma sem helst skekkja framleiðslu og viðskipti – eftirtekju- og framlagstengdur stuðningur – hefur minnkað úr yfir 91% stuðningi við framleiðendur árin 1986-88 í 74% árin 2002-04. Lækkun eftirtekjutengds stuðnings sést einnig í minnkandi bili milli verðs frá framleiðanda og innflutningsverðs. Árin 1986-88 var verð frá framleiðanda í OECD í heild 60% hærra en innflutningsverð; 2002-04 hafði bilið dregist saman í 30%. Mest lækkun hefur orðið í Sviss, ESB og Noregi, ríkjum með meiri stuðning en að meðaltali í OECD. Samt sem áður varð mest lækkun fyrir seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar. Samfara samdrætti í þessu formi stuðnings hefur orðið aukning í greiðslum sem byggðar eru á fjölda svæða eða skepna, eða á sögulegum réttindum sem hafa takmarkað áhrifin á búvörureikninga, ásamt greiðslum með fylgniskilyrðum.

1. Frá 2004 er áætlaður stuðningur reiknaður fyrir aðildarríkin 25 í ESB. Þau sex aðildarríki OECD sem ekki eru í ESB (Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta og Slóvenía) eru innifalin í áætlun um stuðning fyrir ESB ríkin 25, en ekki í heildaráætlun OECD.

Milli 1986-88 og 2002-04 hefur mismunur á stuðningi milli vörutegunda lækkað í öllum ríkjum; minnsta lækkunin er í ESB, Japan og Kóreu, en mest er hún í Kanada og Sviss. Mesti samdráttur á magni og breyting til batnaðar í samsetningu stuðnings hefur orðið á sviði kindakjöts og korns (annars en hrísgrjóna). Sykur, hrísgrjón og mjólk eru enn þær vörutegundir sem mestu stuðnings njóta.

Stækkun ESB var mikilvægt ferli, bæði fyrir gömlu og nýju aðildarríkin.

Þann 1. maí 2004 gengu tíu ný aðildarríki í ESB, þar á meðal fjögur OECD ríki, Pólland, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland. Viðskiptaflæði milli ESB25 ríkjanna hafði þegar aukist sem afleiðing af for-inngöngu samkomulagi, og búist er við að það haldi áfram að aukast eftir inngönguna. Það er aðeins í korngeiranum sem ríki utan ESB25 eru mikilvæg fyrir nýju aðildarríkin tíu hvað innflutning varðar. Í hinum nýju ESB-ríkjum leiddi inngönguferlið af sér stighækkandi aukningu á stuðningi, bæði til framleiðenda og almennra þjónustuaðila við landbúnað. Þrátt fyrir aukingu hefur stuðningur við framleiðendur haldist lægri í nýju aðildarríkjunum en í ESB15. Þar af leiðandi er áætlað að stækkunin hafi dregið úr stuðningi við framleiðendur í ESB um eitt prósentustig.

Ákvarðanir voru teknar um hvernig innleiða ætti eingreiðsluskema ESB.

Sem hluta af endurbótunum á landbúnaðarstefnu ESB (Common Agricultural Policy) árið 2003 ákvað meirihluti ESB15 að hefja innleiðingu eingreiðsluskema árið 2005, og hin ríkin (Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland og Spánn) að byrja árið 2006. Bretland, Írland, Ítalía, Lúxemborg og Þýskaland völdu að hámarka notkun aftengingarákvaða eingreiðsluskemans en Frakkland valdi að lágmarka hana. Meirihlutinn mun byggja eingreiðslurnar á sögulegum réttindum býlisins, en Bretland Danmörk, Finnland, Lúxemborg, Svíþjóð og Þýskaland munu nota blöndu af sögulegum og svæðisbundnum greiðslum til býlisins. Að Möltu og Slóveníu undanskildum innleiddu nýju aðildarríkin einsvæðis-greiðsluskema (Single Area Payment Scheme) árið 2004, sem bauð upp á flatan taxa (að meðaltali 48 evrur á hektara í ríkjunum átta) fyrir allt land til landbúnaðar, og buðu öll tíu ríkin upp á „fullar“ greiðslur. Þetta stuðlaði að aukningu á tekjum af landbúnaði í öllum nýju aðildarríkjunum, nema Kýpur, Möltu og Slóveníu. Eftir SAPS-umskiptastigið munu nýju aðildarríkin innleiða eingreiðsluskemað á grunni svæðisbundna móðelsins.

Önnur eftirtektarverð þróun á stuðningsáætlunum varð árið 2004.

Í Bandaríkjunum leiddi lægra kornverð til verulegrar aukningar í stuðningi sem veittur var gegnum markaðslán og greiðsluáætlanir sem ekki eru árvissar. ESB ákvað að vörutengdar greiðslur vegna ólífuolíu, humla, baðmullar og tóbaks yrðu smátt og smátt felldar inn í eingreiðsluskemað frá árinu 2006 (2005 fyrir humla). Kanadíska verkefnið um stöðugleika landbúnaðartekna skipti út nokkrum tekjustuðningsráðstöfunum og váttryggingaráætlanir voru auknar í Frakklandi, Ítalíu, Kóreu og Spáni. Nokkur ríki

lækkuðu skatta eða buðu niðurgreiðslur til að bæta fyrir hærra eldsneytisverð. Neyðargreiðslur, sem viðbragð vegna veðurfarslegra hörmunga, voru inntar af hendi í mörgum ríkjum.

Mikilvægur þáttur í AP 2004-07 verkefninu í Sviss er hægfara afnám mjólkurkvóta. Bandaríkin tilkynntu um afnám tóbakskvóta frá árinu 2005, en í stað þeirra kemur tíu ára kvótauppkaupagreiðsla. Meiri sveigjanleiki var innleiddur í aðlögunarkerfi hrísgrjónaframleiðslu í Japan, og eru stjórnarinnkaup nú ákveðin með útboði í stað fasts verðs. Noregur hefur aukið möguleika á einkaviðskiptum með mjólkurkvóta.

*Landbúnaðarumhverfis- og
matvælaöryggisstefna er áfram í þróun.*

Ástralía, Bandaríkin, Kanada og Mexíkó innleiddu aðferðir til að bæta vatnsútdeilingu og/eða –notkun. Noregur kom á fót ramma til að samræma og afmarka landbúnaðarumhverfisgreiðslur. Umhverfisleg skilyrði um vixlfylgni við stuðningsgreiðslur urðu skylda í ESB og voru innleidd í Japan. Danmörk og Noregur juku skatta á mengunarvalda í landbúnaði. Nokkur ríki innleiddu rekjanleikakerfi, þar með talið fyrir erfðabreyttar lífverur (GMO), eða endurskipulögðu reglugerðir vegna matar og stjórnkerfi.

*Viðskiptasamningar og kærur til
landbúnaðarnefndar
Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar munu hafa
áhrif á umbótaferlið.*

Árið 2004 tóku nánast öll OECD ríkin þátt í að annaðhvort ljúka eða hefja útfærslu tvíhliða eða svæðisbundinna viðskiptasamninga. Þó að þeir innihaldi almennt landbúnaðarþátt, eru viðkvæmar vörur oft undanþegnar frelsisskuldbindingum. Eftir stöðvun í september 2003 var viðskiptaviðræðnalota Doha þróunardagskrárinnar (DDA) endurlífuguð árið 2004. Árangur náðist í að koma á fót ramma fyrir landbúnað, en enn á eftir að semja um mörg mikilvæg atriði. Þó að tvíhliða/svæðisbundnir samningar geti hrundið af stað einhverjum stefnubreytingum er þörf á framvindu á fjölþjóðlega stiginu til að endurnæra framvindu endurbóta á landbúnaðarstefnu.

Seinkunin við að ljúka DDA er að hluta til orsökun fyrir því að fjöldi landbúnaðartengdra kærumála til nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er að aukast. Þó að bæði OECD ríki og ríki sem ekki eiga aðild að OECD hafi verið kærendur hafa OECD ríki nærri alltaf verið varnaraðilar. Nefndir hafa rætt breitt svið málaflokka, þar með talið greiðslur innanlands, útflutningsstyrki, tilhögun markaðsaðgangs, opinber viðskiptafyrirtæki, og kröfur um heilbrigði dýra og plantna. Útkoman úr þessum nefndarákvörðunum hefur mikilvægar afleiðingar, bæði fyrir endurbætur á stefnu innanlands og fjölþjóða-skuldbindingarnar sem verið er að semja um um þessar mundir.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

